

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

haldinn í Félagslundi í Flóahreppi þriðjudaginn 2.nóvember 2021 kl. 13:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Jón G.Valgeirsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson, Ásta Stefánsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Sylvía Karen Heimisdóttir, Eydís Indriðadóttir, Jón Bjarnason og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Auk þess sat fundinn Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

Dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar um starfsárið 2020
2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs
3. Fjárhagsáætlun 2022
4. Breytingar á samþykktum
5. Ráðning löggilts endurskoðanda
6. Kynning á stöðu úttektar á Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings
7. Önnur mál.

Aldís setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Óskaði hún eftir að fá að byrja á lið nr 6. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla um starfsemi starfsárið 2020.

Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu fór yfir skýrslu liðins starfsárs. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og tengt efni.

Melkorku þakkað fyrir góða skýrslu og gott starf á krefjandi tímum.

2. Ársreikningur 2020.

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings fyrir árið 2020. Farið var yfir reikninginn. Reikningur samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun ársins 2022.

Fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2022 lögð fram til staðfestingar. Þó nokkur aukning er á launalið í áætluninni, sem kemur til vegna fjölgunar á starfsmönnum og samningsbundnum launahækkunum.

Fyrir fundi lá erindi frá starfsmönnum sem taka bakvaktir í barnaverndarmálum þar sem óskað er eftir hærri greiðslum fyrir að standa bakvaktir.

Samþykkt að hækka greiðslur í samræmi við erindi starfsmanna og verður fjárhagsáætlun uppfærð í samræmi við það.

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

4. Breytingar á samþykktum.

Engar tillögur hafa borist um breytingar á samþykktum.

5. Ráðning löggilts endurskoðanda

Deloitte hefur séð um endurskoðun reikninga og er gerð tillaga um að það verði áfram. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kynninga á stöðu úttektar á Skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfn

Gunnar Gíslason og Jón Hrói Finnsson fóru yfir stöðu vinnu við úttekt á þjónustunni. Gert er ráð fyrir að skila lokaskýrslu um miðjan nóvember.

7. Önnur mál

- a. Tilboð hefur borist í verkefni við að innleiða farsældarfrumvarpið. Samþykkt að skoða það með tilliti til þeirrar vinnu sem þarf að fara í og hvernig hún verður útfærð.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:41

Haldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari